19. apríl 2012

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Atvinnuveganefnd Alþingis
Kristján L. Möller formaður

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld
658. mál. – þskj. 1053

Landssamband smábátaeigenda hefur haft frumvarp um veiðigjald til meðferðar og vill í upphafi athugasemda sinna ítreka það sem fram kemur í yfirlýsingu stjórnar félagsins frá 5. apríl sl.

> *„Sá þáttur sem mesta athygli hefur hlotið er eðlilega sú hrikalega hækkun á auðlindagjaldi sem boðuð er, ásamt aðferðafræðinni við útreikningana. Þó vissulega beri að fagna þeirri viðurkenningu sem fram kemur í frumvarpinu á lágmarkstilkostnaði, liggur jafn ljóst fyrir að margar ágætlega reknar smábátaútgerðir dagsins í dag munu ekki standa undir þessum klyfjum. Þessi fullyrðing er ekki sett fram á þeirri forsendu að búmenn kunni að barma sér. Hún er sett fram vegna þess að hún er bláköld staðreynd sem hægt er að sýna fram á með sáraeinföldum dæmum.*
>
> *Ekki verður betur séð en að þær forsendur sem gefnar eru í útskýringum með frumvarpinu bendi til þess að margir smábátaeigendur sitji á fúlgum fjár eftir góðærið 2010. Það væri sannarlega óskandi, en er að sjálfsögðu ekki raunin.“*

Landssamband smábátaeigenda skorar á atvinnuveganefnd Alþingis að reyna allt sem hægt er til að leita sátta við þá sem nýta auðlindir sjávar um greiðslu fyrir afnot hennar. Í þeirri sáttargjörð leggur LS til að litið verði heildrænt til náttúruauðlinda þjóðarinnar. Gjald fyrir afnot eigi að vera með þeim hætti að allir nýtendur greiði fyrir afnotin.

Álag á tekjuskatt

LS leggur til að í stað veiðigjalds sem tekur mið af þeim útreikningum sem lagðir eru til í frumvarpinu verði greiðsla fyrir afnotin tekin í gegnum tekjuskatt hvers og eins sem leyfi hefur til nýtingar. Þannig verði álag reiknað á tekjuskatt allra þeirra sem leyfi hafa til að nýta náttúruauðlindir sem eru í eigu þjóðarinnar. Kostir þessarar aðferðar eru margir, þessir helstir:

- Notast verður við þekkta aðferð, ekki sé verið að búa til nýtt skattaumhverfi með upptöku nýs skatts.
- Sams konar aðferð fyrir alla hvort sem gengið er um landið, klifin fjöll, veiddur fiskur, orka framleidd osfrv.
- Að komið verði í veg fyrir að veiðigjald greiði niður tekjuskatt þeirra sem hann greiða í dag sem er augljós mismunun.
- Aðferðin *tekur mið af stöðu hvers og eins leyfishafa*.

Sérstaða krókaaflamarksbáta kallar á aðgreiningu

Aðferð til innheimtu veiðigjalds sem boðuð er í frumvarpinu kemur mjög harkalega niður á þeim sem skuldsettir eru. Í smábátaútgerðinni eru mörg dæmi um slíkt. Margir þeirra eiga það sameiginlegt að skuldir eru tilkomnar vegna kaupa á veiðiheimildum. Þannig hafa útgerðirnar tryggt rekstrargrundvöll sinn og gert áætlanir til framtíðar útfrá gildandi lögum með greiðslu þeirra.
Krókaaflamarkskerfið er kvótakerfi eins og aflamarkskerfið. Á margan hátt eru staðhættir í kerfunum þó afar ólíkir. Skulu hér talin upp nokkur atriði.

A. Úthlutað krókaaflamark nær aðeins til 7 tegunda en til 20 í a.m.k.
B. Krókaaflamark er aðeins nýtt með kyrrstæðum og umhverfisvænum veiðarfærum.
C. Krókaaflamark er nýtt af dagróðrabátum sem allir eru minni en 15 brt.
D. Krókaaflamarki var fyrst úthlutað 1. september 2001 en aflamark verið við lýði frá 1984 og altækt frá 1991.

LS telur að við upptöku veiðigjalds eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu verði að taka mið af þessum þáttum og útfæra gjaldið sérstaklega til krókaaflamarksbáta. Í 9. gr. frumvarpsins verði þannig gert ráð fyrir þremur gjaldflokkum:

- uppsjávarveiðar
- bolfiskveiðar
- nýting krókaaflamarks þar með taldar strandveiðar

LS bendir á máli sínu til stuðnings að mikill afkomumunur er á útgerð smábáta og t.d. almennra bolfiskveiða stærri skipa (frystitogarar) að ekki sé talað um uppsjávarveiðar. T.d. hafa uppsjávarskip notið gríðarlegrar aflaaukningar á sama tíma og aukning hjá krókabátum hefur komið í gegnum kvótaleigu sem er stór kostnaður í rekstri þeirra, við það bætast aflahlutdeildir en afborganir þeirra er þungur baggi á útgerðum krókabáta. Samhliða afnámi sóknardagakerfisins 1. september 2004 hófu aðilar í krókaaflamarki að bæta við sig heimildum og bátum fækkaði gríðarlega. Á síðasta ári sóknardagakerfis voru krókabátar 752 en 1. september sl. voru þeir 347, hafði því fækkað um 405.

Tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða

LS saknar þess að ekki sé í frumvarpinu gert ráð fyrir að afsláttur sé veittur af veiðigjaldi til þeirra sem leggja mikið til umhverfismála. LS hvetur atvinnuveganefnd að taka tillit til slíks sem mundi einnig auðvelda gjaldtöku við nýtingu annarra auðlinda. T.d. er átroðningur lands ólíkur eftir því hvaða ferðamáta er boðið uppá hverju sinni.
LS fagnar þeirri nýbreytni sem frumvarpið boðar að tekið sé tillit til umfangs útgerða með skiptingu gjaldsins „Almennt veiðigjald“ og „Sérstakt veiðigjald“. Allt of algengt hefur verið að gjaldtakan sé föst krónutala án tillits til umfangs.

Gjaldstofn verði endurskoðaður

LS mótmælir harðlega því sem fram kemur í frumvarpinu að veiðigjald skuli verða 70% af stofni til útreiknings eins og hann er skilgreindur þar. Útreikningar hafa sýnt

að gjaldþol einstakra útgerða leyfa ekki slíkt og varla vakir það fyrir stjórnvöldum að gjaldið verði það íþyngjandi að greiðsla falli niður.
Margar útgerðir eru nýkomnar út úr fjárhagslegri endurskipulagningu vegna þess áfalls sem fjármálahrunið leiddi af sér. Þó vissulega hafi verið afskrifað og leiðrétt hefur afstemming lánastofnana verið með þeim hætti að ekkert má út af bera í rekstrinum þannig að ekki sé hægt að standa við skuldbindingar.

LS leggur til að skipuð verði nefnd til að fara ofan í gjaldþol hinna þriggja útgerðarflokka sem geri tillögur um hlutfall af gjaldstofninum sem teljist fullnaðargreiðsla. Tillögur taki mið af hverjum og einum sem fái þannig mismunandi langan aðlögunartíma til þeirrar prósentu sem teljast skuli fullnaðargjald til nýtingar auðlindarinnar.

Rekstraryfirlit Hagstofu Íslands

Í kafla frumvarpsins „*Mat á auðlindarentu í sjávarútvegi*" kemur fram að EBITDA af fiskveiðum

> *„sem hlutfall af tekjum hefur verið frá um 17% upp í rúmlega 26%. Afkoman er nokkuð misjöfn eftir stærð og tegund skipa og árum og breytileg innan skipaflokkanna."*

LS gerir ráð fyrir að þessar tölur séu fengnar frá Hagstofu Íslands um afkomu sjávarútvegsins – veiðar og vinnsla. Í því sambandi er vakin athygli á að þar eru krókaaflamarksbátar ekki sérstaklega tilgreindir, heldur er þar flokkur sem heitir bátar minni en 10 brl. Á þessu vill LS vekja athygli þar sem ætla má að nokkur munur sé þarna á þar sem afkastamestu krókaaflamarksbátarnir eru stærri en 10 brl.

Myndin hér að neðan sýnir EBITDU sem hlutfall af tekjum hjá þeim sex útgerðarflokkum sem Hagstofan birtir í rekstraryfirliti fiskveiða 2006 - 2010.



LS ítrekar kröfu sína um að veiðigjald verði reiknað sem álag á tekjuskatt.

Til vara að gjaldstofn eins og hann kemur fram í frumvarpinu verði endurskoðaður og langur aðlögunartími verði veittur til fullnaðargreiðslu, auk þess að krókaaflamarks-bátar verði reiknaðir.

Að lokum vekur LS athygli nefndarmanna á að aðeins lítið brot af útgerðum krókaaflamarksbáta er bæði með útgerð og vinnslu, sem eykur enn á sérstöðu þeirra gagnvart öðrum útgerðarflokkum. Langflestir stunda eingöngu fiskveiðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands smábátaeigenda

_____
Örn Pálsson framkvæmdastjóri

_____
Arthur Bogason formaður